

## Fundur fjallskilanevndar 30.09.2024

Mættir: allir fjallskilastjórar

Fundur hófst 15:00

### 1. Erindisbréf fjallskilanevndar

Erindisbréf fjallskilanevndar var samþykkt og undirritað af öllum fjallskilastjórum.

### 2. Göngur og réttir

Girðingar voru að mestu leyti í lagi þó eitthvað hafi verið um að hlutir hefðu mátt vera betri, en heilt yfir allt í lagi. Skoða þarf girðingar við Stafnsrétt, Þverá, Hrossahólf og klára viðhald sem gert var til bráðabirgða á sumum stöðum. Haukagilsheiðagirðingin hefði mátt fá betra viðhald en ekki náðist að klára yfirferð þar.

Lögð er áhersla á að girðingin milli heiða verði tekin niður á næsta ári en staðið hefur til að það verði gert. Skoða þyrfti framtíð Bótagirðingarinnar og hvernig gengur verður frá því en taka má stóran hluta hennar niður en kaflinn frá Áfangagirðingu niður í kvíslar þarf að vera í lagi.

Viðhald rétta hefði mátt gera fyrr og vera betra og best væri að þetta væri gert í samráði við fjallskilastjóra. Rétt í Kirkjuskarði hefur ekki fengið viðhald lengi og þarf að skoða fyrir næsta ár.

Ekki er útséð með að náist að girða Víðidalsfjallið eins og ráðgert var, en ef það næst ekki verður það gert næsta sumar. Um er að ræða tæplega 1km nýgirðingu.

### 3. Ágangsfé

Á meðan óvissa ríkir um túlkun fjallskilalaga beinir fjallskilanevnd því til bænda að þeir eigi samskipti um mál sem varðar ágang og reyni að leysa þau sín á milli. Gangi það ekki eru fjallskilastjórar til taks til að hjálpa þar sem mögulegur ágreiningur ríkir.

### 4. Styrkvegir

Vegna mjög óhagstæðrar tíðar er ekki hægt að fara í þær vegaf framkvæmdir á Grímstunguheiði sem fyrirhugaðar voru.

Skoða þarf hvernig lokunum á heiðarvegum er háttað, en skemmdir hafa orðið á vegum á afréttum vegna aksturs þegar aðstæður hafa ekki leyft neinn akstur. Þetta er mjög kostnaðarsamt og þarf að leysa t.d. með lokunarskiltum o.s.frv.

Skoða þarf vegabætur á vegum sem ekki eru á forræði Vegagerðarinnar t.d. upp á Haukagilsheiði og á Hrafnarbjargarvegi.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:40